



# Samningur

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær, annars vegar og Slökkvilið Norðurbings kt. 640169-5599, Norðurgarði 5, 640 Húsavík hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning um hreinsun vettvangs á og við vegi í kjölfar umferðaróhappa eða annarra atvika sem krefjast upphreinsunar.

## 1. gr.

### *Þjónusta*

Samningur þessi tekur til hreinsunar á vegsvæði í kjölfar umferðaróhappa og -slysa þegar slökkvilið er kallað til, og ekki er um að ræða mengunaróhapp eins og það er skilgreint í 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans metur í hverju tilviki hvort leki í kjölfar umferðaróhapps eða slyss teljist mengunaróhapp skv. lögum um brunavarnir.

## 2. gr.

### *Greiðslur*

Ef um er að ræða hreinsun í kjölfar mengunaróhapps, sbr. 1. gr. greiðir sveitarstjórn kostnað af hreinsun og öðrum nauðsynlegum aðgerðum slökkviliðs í samræmi við ákvæði laga nr. 75/2000, um brunavarnir.

Ef um er að ræða hreinsun vettvangs á vegum í öðrum tilvikum greiðir Vegagerðin kostnað við þjónustu slökkviliðsins og gerir endurkröfu á tjónvald. Er slökkviliðinu heimilt að reikna fast verð fyrir hvert útkall samkvæmt gildandi gjaldskrá slökkviliðsins, sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum. Því til viðbótar er slökkviliðinu einnig heimilt að reikna tímagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá slökkviliðsins. Skal tímagjald aðeins reiknað ef hreinsun tekur lengri tíma en tvær klukkustundir og skal þá reikna gjaldið fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern þann starfsmann sem sinnir starfinu. Einnig er slökkviliðinu heimilt að innheimta allan útlagðan kostnað ef til hans kemur.

Telji slökkvilið þörf á hækkun gjaldskrár umfram verðlag skal sú hækkun tilkynnt Vegagerðinni sem annaðhvort samþykkir eða hafnar hækkuninni. Náist ekki samkomulag um hækkunina skal líta svo á að Vegagerðin hafi sagt upp samningnum.

Reikningar til Vegagerðarinnar skulu ávallt bera virðisaukaskatt.

Með reikningum til Vegagerðarinnar skal slökkvilið, eins og kostur er, geta eftirfarandi upplýsinga svo að Vegagerðin geti gert endurkröfu á tjónvald:

- Dagsetning tjóns
- Staðsetning tjóns
- Bílnúmer tjónvalds
- Tryggingafélag tjónvalds

**3. gr.**

*Verkbeiðnir*

Beiðni um hreinsun á þjóðvegi í kjölfar umferðaróhapps eða -slyss getur hvort eð heldur komið frá lögreglu eða Vegagerðinni.

Slökkvilið skal ávallt bregðast við eins fljótt og kostur er.

Komi beiðni frá lögreglu skal slökkviliðsstjóri vekja athygli Vegagerðarinnar á málinu sem fyrst.

**4. gr.**

*Samningstími og uppsögn*

Samningur þessi tekur gildi frá undirritun og gildir hann ótímabundið. Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara frá undirritunardegi, hvenær sem er á samningstímanum. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

**5. gr.**

*Ágreiningsmál*

Samningsaðilar skulu leitast við að leysa ágreining sem kann að koma upp þeirra á milli með samkomulagi. Mál sem kann að þurfa að höfða vegna samnings þessa skal höfða fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**6. gr.**

*Undirritun*

Öllu framan rituðu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti.